




BRÚARHLAÐIR DEILISKIPULAG

Greinargerð

02.04.2024



Deiliskipulag þetta, sem kynnt og auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 40. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Hrunamannahrepps þann _____

f.h. Hrunamannahrepps

Lýsing aðalskipulagsbreytingar og deiliskipulags var auglýst frá _____ með athugasemdafresti til _____

Deiliskipulagstillagan var auglýst frá _____ með athugasemdafresti til _____

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____

UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

103295-01-GRG-001-V03

HÖFUNDUR

Ingibjörg Sveinsdóttir og María Björk Gunnarsdóttir

RÝNT

Ásgeir Jónsson

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Markmið deiliskipulags	5
1.2	Skipulagsgögn	5
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	6
2.1	Ferðaþjónusta	6
2.2	Aðkoma	7
2.3	Gróðurfar	7
2.4	Jarðmyndanir	8
2.5	Náttúruvá	8
3	TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	8
3.1	Landsskipulagsstefna 2015-2026	8
3.2	Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032, með síðari breytingum	8
3.3	Verndarsvæði	9
3.4	Fornminjar	9
4	DEILISKIPULAGSSKILMÁLAR	10
4.1	Lóð og byggingar	10
4.2	Aðkoma og bílastæði	11
4.3	Svífandi göngustígur	12
4.4	Gönguslóðar	13
4.5	Veitur	13
4.6	Regnvatn	14
4.7	Sorp	14
5	ALMENNIR BYGGINGARSKILMÁLAR	14
5.1	Hönnun og upprættir	14
5.2	Birta og lýsing við þjónustuhús	14
5.3	Mæliblöð	14
5.4	Frágangur svæðisins	15
6	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	15
6.1	Umhverfisþættir, matsspurningar og viðmið	15
6.2	Umhverfisáhrif	16
6.2.1	Niðurstaða	17
7	SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ	17
7.1	Skipulagslýsing	17
7.2	Umsagnaraðilar deiliskipulagstillögu	17
7.3	Skipulagsferlið	17

1 INNGANGUR

Deiliskipulag þetta er unnið á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010. Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir uppbyggingu ferðamannaaðstöðu í landi Brúarhlaða (234128). Deiliskipulagið tekur til um 2,5 ha svæðis á austurbakka Hvítár við Brúarhlöð.

Ekkert deiliskipulag er fyrir hendi á skipulagssvæðinu.



MYND 1. Brúarhlöð horft í suður frá austurbakka Hvítár.

Brúarhlöð er vinsæll viðkomustaður ferðamanna og í námunda við „Gullna hringinn“. Svæðið er orðið nokkuð slitið af ágangi ferðamanna sem ekki fylgja stígum og því þörf á að skilgreina stígakerfi og stýra gangandi umferð. Gerður verður göngustígur frá þjónustuhúsi og við hann settir bekkir og útsýnis-pallar. Göngustígurinn verður á klettum sem standa út í Hvítá.

Aðkoma að Brúarhlöðum er af Skeiða- og Hrunamannavegi (nr. 30). Samhliða gerð deiliskipulags er unnin breyting á Aðalskipulagi Hrunamannahrepps og svæðið skilgreint sem verslunar og þjónustu-svæði.

1.1 Markmið deiliskipulags

Helstu markmið deiliskipulagsins eru eftirfarandi:

- Vinna heildarskipulag fyrir móttöku ferðamanna á svæðinu sem tekur til bílastæðis, göngustígs með áningarstöðum og útsýnispöllum og þjónustuhús þar sem verður m.a. veitinga- og snyrtiaðstaða.
- Setja byggingarskilmála um uppbyggingu á svæðinu sem tekur tillit til sérstöðu svæðisins og náttúrufars.
- Draga úr líkum á umhverfisspjöllum vegna ágangs gesta, svæðið verði varið gagnvart álagi á gróður- þekju, náttúru- og menningarminjar.
- Stýra umferð gangandi fólks með öruggum og afmörkuðum göngustíg sem bíður upp á gott aðgengi og fallett útsýni yfir svæðið.
- Miðla upplýsingum til gesta um sögu svæðisins.
- Stuðla að því að gestir geti notið kyrrðar og áhrifa svæðisins.
- Sérstök áhersla er á að mannvirki falli vel að landslagi og ásýnd svæðisins.

1.2 Skipulagsgögn

- Deiliskipulagsuppdráttur í mkv. 1: 1200.
- Skýringarmynd af göngustíg í mkv. 1:500.
- Greinargerð þessi með skipulagsskilmálum, forsendum og umhverfismatsskýrslu.

2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Brúarhlöð nefnist efsti hluti af 10 km löngu gljúfri í Hvítá, sunnan Tungufells. Gljúfrið er þröngt og farvegurinn því mjög djúpur, dýpi árinna er a.m.k. 10 m undir brúnni á Skeiða- og Hrunamannavegi. Þar hefur áin grafið farveg sinn í þursaberg og myndað ýmsar sérstæðar klettamyndanir og skessukatla. Í ánni eru tveir drangar sem kallast Karl og Kerling¹.



MYND 2. Kari og Kerling í Hvítá.

Um svæðið liggur hinn forni Kónsvegur sem var lagður um uppsveitir Árnessýslu árið 1906, í tilefni af heimsókn Friðriks VIII Danakonungs ári síðar. Þá var byggð fyrsta brúin yfir Hvítá við Brúarhlöð, það var trébrú sem tók af í vetrarflóðum árið 1929 og aftur ári síðar. Á berginu sitt hvorum megin árinna sést enn móta fyrir brúarstöplunum.

2.1 Ferðapjónusta

Brúarhlöð er vinsæll viðkomustaður ferðamanna og í nánunda við „Gullna hringinn“. Svæðið er orðið nokkuð slitið af ágangi ferðamanna sem ekki fylgja stígum og því þörf á að skilgreina stígakerfi og stýra gangandi umferð. Hefur það verið gert að einhverju leyti.

Ferðamálastofa hefur kortlagt „Auðlindir íslenskrar ferðapjónustu“. Í verkefninu voru, með aðstoð heimafólks, kortlagðir staðir þar sem upplifa má staðbundna og einstaka eiginleika í náttúrufari eða

¹ <https://is.nat.is/bruarhlod/> 16.06.2021

menningu. Skráningin gefur vísbendingar um sérkenni svæða sem hugsanlega má nýta. Brúarhlöð er einn af áherslustöðum Hrunamannahrepps vegna ástands og nauðsynlegra aðgerða.



MYND 3. Ásýnd gönguslóða og svæðisins eftir mikinn ágang ferðamanna.

2.2 Aðkoma

Við skipulagslýsingu sem auglýst var fyrir nýtt deiliskipulag við Brúarhlöð kom umsögn frá Vegagerðinni, þar sem skrifað er um núverandi aðkomu að svæðinu sem þykir frekar óheppileg. Aðkoma af Skeiða- og Hrunamannavegi er um krappa beygju þar sem mikil brekka er í aðra áttina og einbreið brú í hina. Við gerð deiliskipulags var skoðað hvort til sé heppilegri staðsetning fyrir aðkomu að svæðinu.

Í samráði við Vegagerðina var skoðað með að hliðra innkeyrslu að svæðinu til vesturs um því sem nemur breidd núverandi innkeyrslu, til að staðsetja hana í miðri beygju á Skeiða- og Hrunamannavegi, og þar með bæta sjónlengdir. Þetta er sú aðkoma sem sýnd er á deiliskipulagsupprætti.

2.3 Gróðurfar

Helstu vistgerðir á skipulagssvæðinu eru skv. vistgerðarkortlagningu Náttúrufræðistofnunar mela-gambravist, hraungambravist og birkiskógur. Melagambravist hefur miðlungs verndargildi, hraungambravist lágt verndargildi en birkiskógur hefur hátt verndargildi og er vistgerðin á lista Bernar-samningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Hafa ber í huga nákvæmni vistgerðarkortlagningar við mat á vistgerðum svæðisins en kortlagning miðast við nákvæmni allt að 1:25.000.

2.4 Jarðmyndanir

Samkvæmt kortasjá Náttúrufræðistofnunar um sérstaka vernd náttúrufrýrbæra þá er að finna 10-25 gráðu heita volgru við Brúarhlöð, nákvæm staðsetning er ekki þekkt en engin volgra er þekkt innan skipulagssvæðis. Samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 þá njóta hverir og aðrar heitar uppsprettur ásamt lífríki sem tengist þeim sérstakrar verndar og ber að forðast að raska þeim.

2.5 Náttúruvá

Í forsendu og umhverfisskýrslu Aðalskipulags Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið innan Suðurlandsskjálftabeltisins og er því jarðskjálftahætta á svæðinu. Hrunamannahreppur er á sniðgengisbelti sem nær frá Vatnafjöllum í austri vestur um Ölfus. Tjón af völdum jarðskjálfta getur verið sprungur á yfirborði, skemmdir á mannvirkjum, breytingar á grunnvatnsstöðu og landsig.

Hvítá flæðir reglulega yfir bakka sína og hefur Veðurstofa Íslands kortlagt útbreiðslu flóða árin 1968, 1981 og 2006. Þekktir eru vatnavextir í kringum Brúarhlöð. Hættusvæði við Brúarhlöð er ekki afmarkað á aðalskipulagi Hrunamannahrepps.

3 TENGL VÍÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

3.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Í landsskipulagsstefnu er sett stefna er varðar ferðapjónustu í dreifbýli. Með skipulagðri landnotkun er stuðlað að eflingu ferðapjónustu í dreifbýli og um leið gætt að varðveislu þeirrar náttúru og umhverfisgæða sem eru undirstaða ferðapjónustunnar.

Í kafla 2.4.1 um ferðapjónustu á grunni sérstöðu og umhverfisgæða segir:

„Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði leitast við að greina sérstöðu, styrkleika og staðaranda viðkomandi svæðis með tilliti til tækifæra í ferðapjónustu. Skipulagsákvæðanir um ferðapjónustu taki mið af náttúruverndarsjónarmiðum og kortlagningu á auðlindum ferðapjónustunnar og miði jafnframt að því að ferðapjónustuuppbygging nýtist jafnt íbúum á svæðinu og ferðamönnum“.

3.2 Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032, með síðari breytingum

Í aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði VP7.

Verslun og þjónusta

TAFLA 1. Stefna í aðalskipulagi fyrir verslunar- og þjónustusvæðið VP7.

NR	HEITI	LÝSING
VP7	Brúarhlöð	Heimilt er að byggja allt að 500 m ² þjónustuhús á einni hæð. Í húsinu getur verið veitingasala, snyrtingar, upplýsingar og ýmis konar þjónusta við ferðamenn. Einnig verður bílastæði stækkað og gerðir göngustígar að farvegi Hvítár.

NR	HEITI	LÝSING
		Forðast skal eins og kostur er allt rask á landi, gróðri og jarðmyndunum. Nánari skilmálar skulu settir í deiliskipulagi. Stærð svæðis er allt að 4 ha.

Vatnsból

TAFLA 2. Stefna í aðalskipulagi fyrir vatnsból.

NR	HEITI	LÝSING
VB33	Brúarhlöð	Vatnstökusvæði, m.a. fyrir þjónustusvæði við Brúarhlöð. Nákvæm staðsetning vatnsbóls skal gerð í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Borað verður eftir vatni.

Gönguleiðir

- Merktar verða fjölbreyttar gönguleiðir sem nýtast íbúum til útivistar og geta jafnframt verið grundvöllur fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu.
- Hluti gönguleiðanna tengist náttúru, sögu og menningu svæðisins.
- Áhersla verður á að gera a.m.k. hluta Kónsvegar að aðgengilegri gönguleið.

Verndarsvæði og minjar

- Stuðlað verði að verndun lands og góðri umgengni.
- Stuðla skal að verndun náttúruminja samhliða því að fólki verði gert kleift að njóta þessara verðmæta.
- Stuðlað verði að frekari verndun náttúruminja í samvinnu við Umhverfisstofnun.
- Kortlagðar verði gamlar þjóðleiðir og kannaðir möguleikar á að nýta þær sem reið- og/eða gönguleiðir. Enn fremur verði hugað að verndun ýmissa eldri samgöngumannvirkja, s.s. Kónsvegarins frá 1907.

3.3 Verndarsvæði

Svæðið er á náttúruminjaskrá nr. 736: *Brúarhlöð, Hrunamannahreppi, Biskupstungnahreppi, Árnes-sýslu. Árgljúfur Hvítár frá Brúarhlöðum upp að Ármótum (Hvítá og Fossá), ásamt 200 m belti beggja vegna árinna. Tilkomumikið gljúfur með kjarri- og skógivöxnum bökkum.*

3.4 Fornminjar

Kónsvegur (ÁR681-019) eru einu þekktu fornminjarnar á skipulagssvæðinu. Hafa skal samráð við Minjastofnun um framkvæmdir við eða á Kónsvegi. Vegurinn er að hluta til nýttur sem aðkomuvegur að sumarhúsum sunnan skipulagssvæðisins. Lega Kónsvegar er sýnd á uppdrætti.

Byggingareitur fyrir þjónustuhús nær yfir hluta af Kónsvegi sem í dag er nýttur sem aðkomuvegur að sumarhúsum. Ef til þess kemur að þjónustuhús muni verða staðsett við Kónsveginn eða innan helgunarsvæðis hans þá mun sú framkvæmd verða gerð í samráði við Minjastofnun. Þá mun núverandi aðkoma að sumarhúsi við bílastæði færast að litlum hluta til austurs. Að öðru leiti mun ný deiliskipulagstillaga ekki hafa áhrif á Kónsveg eða aðkomu að núverandi sumarhúsi sunnan við skipulagssvæðið.

Finnist áður ókunnar minjar ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands svo fljótt sem auðið er skv. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Óheimilt er að hrófla við minjum án heimildar Minjastofnunar.


4 DEILISKIPULAGSSKILMÁLAR

4.1 Lóð og byggingar

Innan byggingarreits er gert ráð fyrir þjónustuhúsi, á einni hæð. Stærð hússins getur verið allt að 280 m². Mænishæð getur verið allt að 5 m m.v. uppgefin aðalgólfkóta. Heimilt er að vera með veitingar, ýmis konar þjónustu, upplýsingar og snyrtingar.

Vanda skal hönnun hússins þannig að það falli sem best að landslagi og takmarki ekki útsýni yfir svæðið, s.s. hvað varðar útlit, hæð, lita- og efnisval. Mænisstefna er frjáls. Öll mannvirki skulu vera afturkræf, þannig að hægt verði að fjarlægja þau án teljandi ummerkja.

Heimilt er að vera með upplýsinga- og fræðsluskilti innan lóðar. Skilti verða ekki upplýst.



MYND 4. Hluti af deiliskipulagstillögu þjónustuhúss og aðkomu að því frá bílastæði.


4.2 Aðkoma og bílastæði

Aðkoma að svæðinu er af Skeiða- og Hrunamannavegi (nr. 30) um veg að Brúarhlöðum. Útbúið hefur verið bílastæði fyrir fólksbíla og rútur. Nýtt bílastæði verður á sama stað en gert ráð fyrir að það stækki til vesturs. Stækkunin liggur að fyrirhuguðu þjónustuhúsi og er þar pláss fyrir 20 fólksbíla, reiðhjól og stæði fyrir hreyfihamlaða. Á eystra bílastæðinu er gert ráð fyrir stæðum fyrir um 31 fólksbíl og 3 rútur. Bílastæði eru sýnd á deiliskipulagsupprætti.



MYND 5. Ljósmynd af núverandi bílastæði séð frá núverandi stíg niður að Hvítá.

4.3 Svífandi göngustígur




MYND 6. Skýringarmynd af svífandi göngustíg frá Þjónustuhúsi að Hvítá.

Lagður verður um 300 metra göngustígur að Hvítá sem einungis er aðgengilegur frá Þjónustuhúsi.

Stígurinn mun liggja um kletta við árbakkann. Gengið er frá Þjónustuhúsi að klettum sem eru á bökkum árinna, stígurinn liggur út að ytri brún klettana og af honum er útsýni yfir ána og bakka hennar.


Stígurinn verður að jafnaði 2 m breiður með 2-3 áningarstöðum. Bekkir verða á áningarstöðum. Áform eru um að hafa stíginn svífandi yfir landinu. Undirstöður verða boraðar í bergið.



MYND 7. Skýringarmynd af svífandi göngustíg.

Við hönnun og útfærslu á göngustíg verður tekið mið af algildri hönnun og leitast við að halli gönguleiða verði undir 5% og mesta fjarlægð milli bekkja ætti ekki að vera meiri en 150 m.

Vanda skal hönnun á göngustíg þannig að hann falli sem best að landslagi og takmarki ekki útsýni yfir svæðið, s.s. hvað varðar útlit, legu, lita- og efnisval. Leitast skal við að ásýnd hliða/ handriða göngustígs verði lítt sýnileg/gegnsæ til að minnka sýnileika mannvirkis.



MYND 8. Skýringarmynd af útsýnispalli við enda göngustígs.

Göngustígur er sýndur á uppdrætti til skýringar. Nákvæm staðsetning og útlit göngustígs verður ákveðin á hönnunarstigi. Göngustígur verður ekki upplýstur. Ávallt skal leitast við að útfærsla göngustígs og staðsetning áningarstaða rýri ekki verndargildi svæðisins í heild sinni.

Öll mannvirki skulu vera afturkræf, þannig að hægt verði að fjarlægja þau án teljandi ummerkja.

4.4 Göngu- og reiðleiðir

Á svæðinu eru í dag ekki afmarkaðir göngustígar, aðeins troðnar slóðir sem hafa myndast í gegnum árin af umferð gesta um svæðið. Kóningsvegur hefur og verið nýttur, bæði til aðkomu ökutækja að tveim sumarbústöðum, sem byggðir hafa verið úr landi Haukholta auk þess sem hann er nýttur sem göngu og reiðleið og mun hann halda því hlutverki áfram.

Núverandi hringleið, um gönguslóða sem liggur frá bílastæði til suðurs um svæði fyrir ofan bakka árinna, er merkt á uppdrætti til skýringar. Slóðinn er um 300 metrar og verður fær gestum um svæðið með svipuðum hætti og er í dag.

Verði Kóningsvegur færður til suðurs, nær hlíðinni, verður tryggt að hann haldi núverandi hlutverki sínu sem akfær leið að bústöðum og sem reiðleið, í samræmi við aðalskipulag sveitarfélagsins.

Ekki er áform um frekari uppbyggingu eða lagfæringu annarra gönguslóða. Eftir atvikum verður öðrum slóðum lokað í samráði við Umhverfisstofnun.

4.5 Veitur

Svæðið tengist Vatnsveitu Flúða. Því verður ekki gerð grein fyrir nýju vatnsbóli VB33 eða merkt inn grann- og fjarsvæði vatnsverndar á deiliskipulagsuppdrætti eins og fram kemur fram í breytingu aðalskipulags- verslunar- og þjónustusvæði við Brúarhlöð, dagsett 22.08.024, breytt 06.02.2024.

Rafmagn verður fengið frá RARIK.

Frárennsli verður leitt í hreinsivirki. Frágangur og gerð hreinsivirkis og frárennislagna skal vera í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Tryggja skal gott aðgengi til tæmingar. Um fráveitu gildir reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999, með síðari breytingum.

4.6 Regnvatn

Bent er á þann kost að veita vatni af húspökum beint niður í jarðveginn. Koma má fyrir malarpúða undir yfirborði, sem getur tekið við yfirborðsvatni í rigningum og leysingum þannig að yfirborðsvatn seytili smám saman út í jarðveginn og niður í grunnvatnið. Notast má við hefðbundnar þakvatnslagnir við að beina vatninu að malarpúðanum.

4.7 Sorp

Á staðnum skal vera aðstaða til flokkunar og geymslu sorps. Fjöldi sorpílata og skipulag sorpmála fer eftir reglum sveitarfélagsins hverju sinni.

Útlit, staðsetning og frágangur sorpílata innan svæðisins skal vera sem minnst áberandi, falla vel að umhverfi og skal vera hluti af hönnun þjónustuhúss og göngustígs og koma fram á aðaluppdráttum, mælt er með yfirbyggðu sorpskýli.

5 ALMENNIR BYGGINGARSKILMÁLAR

5.1 Hönnun og upprættir

Húsagerðir eru frjálssar að öðru leyti en því sem mæliblöð, skilmálar þessir, byggingarreglugerð og aðrar reglugerðir segja til um. Á aðaluppdráttum skal sýna skipulag lóðar í aðalatriðum og fyrirkomulag bygginga á lóðinni.

5.2 Birta og lýsing við þjónustuhús

Lýsing við þjónustuhús skal vera lágstemmd og einungis miðast við aðkomu að húsi þar sem við á, en ekki á göngustíg, bílastæði eða við skilti svo dæmi sé nefnt.

Við útilýsingu við þjónustuhús skal nota vel skermaða lampa sem varpa ljósinu niður. Litið skal til þess að velja lýsingu við hæfi og lágmarka ljósmagn eins og hægt er. Lýsing utanhúss skal vera óbein, látlaus og glýjulaus og þannig að ekki verði um óþarfa ljósmengun að ræða.

Í byggingareglugerð 112/2012 kafla 10.4 eru m.a. sett fram markmið fyrir birtu og lýsingu sem skal haft að leiðarljósi.

5.3 Mæliblöð

Á mæliblöðum skal sýna stærð lóðar, lóðamörk, byggingareit húsa og bílastæði.

5.4 Frágangur svæðisins

Lögð er áhersla á vandaðan og snyrtilegan frágang á svæðinu og að við framkvæmdir verði minjum ekki raskað og forðast að raska gróðri og jarðmyndunum eða stærra svæði en nauðsynlegt er. Lögð er áhersla á að mannvirki falli vel að landinu. Ef færa þarf tré vegna framkvæmda skulu þau gróðursett innan svæðisins. Ef svarðlag fellur til við framkvæmdir skal það nýtt til uppgræðslu í nágrenninu eða í kanta á stígum/bílastæði. Þar sem loka þarf eldri stígum skal flytja þangað staðargróður, s.s. sjálfsáð birki, eða tré sem þarf að færa.

6 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Við gerð deiliskipulags skal, skv. gr. 5.4. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, meta líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfrar svo sem á vistkerfi, auðlindir, landslag, ásýnd, útsýni, hljóðvist, loftgæði o.fl. umhverfiþætti eftir því sem efni skipulagsins gefur tilefni til.

6.1 Umhverfiþættir, matsspurningar og viðmið

Stefna deiliskipulagsins og líkleg áhrif hennar verða metin út frá þáttum í töflu 3.

TAFLA 3. Umhverfiþættir, helstu matsspurningar og viðmið.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING	VIÐMIÐ
Land og landslag <i>Landslag.</i> <i>Jarðmyndanir.</i> <i>Ásýnd og yfirbragð.</i>	Hefur stefnan áhrif á landslag? Hefur stefnan áhrif á jarðmyndanir? Hefur stefnan áhrif á ásýnd og yfirbragð svæðis?	Stefna í aðalskipulagi. <ul style="list-style-type: none"> Mannvirki skulu falla sem best að náttúrulegu umhverfi á hverjum stað og gæta skal samræmis við nálægar byggingar. Landsskipulagsstefna 2015-2026. <ul style="list-style-type: none"> Flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreining og vistgerðarflokkun verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013. <ul style="list-style-type: none"> 61. gr. sérstök vernd tiltekinna vistkerfa, jarðminja o.fl.
Gróður og dýr <i>Gróðurlendi og vistkerfi</i> <i>Búsvæði dýra.</i>	Hefur stefnan áhrif á gróður og vistkerfi? Hefur stefnan áhrif á búsvæði dýra?	Vistgerðakortlagning Náttúrufræðistofnunar. <ul style="list-style-type: none"> Verndun vistgerða með hátt eða mjög hátt verndargildi. Landsskipulagsstefna 2015-2026. <ul style="list-style-type: none"> Áhersla á verndun víðerna, landslagsheilda, mikilvægra vistgerða, gróðurlenda og menn-ingarminja.
Samfélag <i>Þjónusta við ferðamenn.</i>	Stuðlar stefnan að betri aðstöðu og þjónustu fyrir ferðamenn?	Stefna í aðalskipulagi.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING	VIÐMIÐ
<i>Atvinnulíf.</i>	Hefur stefnan áhrif á atvinnutækifæri?	<ul style="list-style-type: none"> Þjónusta við ferðamenn verði eflid og afþreyingarmöguleikum fjölgað til að fjölga atvinnutækifærum og renna styrkari stoðum undir byggð. <p>Landsskipulagsstefna 2015-2026.</p> <ul style="list-style-type: none"> Skipulagsákvæðanir um ferðaþjónustu taki mið af náttúruverndarsjónarmiðum og kortlagningu á auðlindum ferðaþjónustunnar.
<p>Náttúru- og menningarminjar <i>Fornminjar.</i> <i>Svæði á náttúruminjasrá</i></p>	<p>Hefur stefnan áhrif á fornminjar? Hefur stefnan áhrif á verndarsvæði?</p>	<p>Fornleifaskráning. Stefna í aðalskipulagi.</p> <ul style="list-style-type: none"> Stuðla skal að verndun náttúruminja samhliða því að fólki verði gert kleift að njóta þessara verðmæta. Merkir minja- og sögustaðir verði merktir og gerðir aðgengilegir, fornar leiðir verði endurvaktar.

6.2 Umhverfisáhrif

Í umhverfismati ber að fjalla um þá valkosti sem til greina koma og meta líkleg umhverfisáhrif þeirra. Þar sem deiliskipulagstillagan er í samræmi við breytt aðalskipulag þá er einungis gerð grein fyrir líklegum áhrifum af stefnu deiliskipulagstillögunnar.

Áhrif á land og landslag eru jákvæð/neikvæð. Ásýnd og yfirbragð svæðisins breytist með tilkomu mannvirkja og stærra bílastæðis. Settir eru skilmálar um að fella mannvirki að landi til að draga úr áhrifum þeirra. Stefnan er ekki líkleg til að hafa áhrif á jarðmyndanir. Jákvæð áhrif verða vegna skýrt afmarkaðra stíga þannig að gestir ganga síður út um allt eins og er í dag.

Áhrif á gróður og dýr eru óveruleg/neikvæð. Líklegt er að einhver gróður raskist við framkvæmdir en þó aldrei á stóru svæði því mannvirki eru ekki það umfangsmikil. Settir eru skilmálar um að færa tré ef þess þarf og að halda svarðlagi til haga og nýta til að græða upp kanta á stígum eða stígum sem verður lokað. Óveruleg áhrif á búsvæði dýra því umferð um svæðið er þó nokkur í dag.

Áhrif á samfélag eru jákvæð. Þjónusta við ferðamenn verður fjölbreyttari og betri á stað sem ferðamenn sækja í þó nokkru mæli. Ný atvinnutækifæri verða til. Bætur afþreyingarmöguleika ferðamanna og gerir svæðið aðgengilegra fyrir alla til að upplifa og njóta.

Áhrif á náttúru- og menningarminjar eru óveruleg/neikvæð. Kóningsvegur liggur um svæðið og er hann í dag nýttur sem aðkoma að sumarhúsum sunnan deiliskipulagssvæðisins, uppbygging á ekki að hafa áhrif á hann. Skipulagssvæðið er innan svæðis á náttúruminjasrá og er með stefnunni leitast við að draga úr sýnileika mannvirkja og raski á landi. Eitthvað rask verður á klettum við Hvítá við gerð göngu-stígs.

6.2.1 Niðurstaða

Sveitarfélagið er hlynnt minniháttar uppbyggingu við Brúarhlöð og að gerður verði útsýnisstígur að Hvítá. Brúarhlöð eru einn af áherslustöðum Hrunamannahrepps þar sem þörf er á úrbótum vegna ágangs gesta. Sveitarfélagið telur að með stefnu deiliskipulagsins sé verið að tryggja nauðsynlegar úrbætur en um leið sé tekið tillit til náttúrunnar og svæðisins með skilmálum um að lágmarka skuli rask eins og hægt er og fella mannvirki að landi.

7 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ

Deiliskipulagstillagan er unnin og kynnt skv. 41. gr. skipulagslaga.

7.1 Skipulagslýsing

Skipulagslýsing fyrir breytingu aðalskipulags og gerð deiliskipulags var kynnt sumarið 2023. Eftir því sem við á hefur verið tekið tillit til umsagna.

7.2 Umsagnaraðilar deiliskipulagstillögu

Óskað verður eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum:

- Umhverfisstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin
- Veðurstofa Íslands
- Bláskógabyggð

Eftir atvikum verði tillagan send á fleiri aðila.

7.3 Skipulagsferlið

